



Ársskýrsla Náttúrustofu Vestfjarða 2002

Þorleifur Eiríksson
forstöðumaður

2002

Náttúrustofa Vestfjarða
Aðalstræti 21
415 Bolungarvík

Sími: 4567005
Fax: 4567351

Kennitala: 610397-2209
Netfang: nave@nave.is
Heimasíða: <http://www.nave.is>

INNGANGUR.....	3
Hlutverk.....	3
SKIPULAG	3
Stjórn	4
Starfsmenn.....	4
AÐSTAÐA	4
Húsnæði.....	4
Rannsóknarstofa.....	5
Bókasafn.....	5
Rannsóknarbátur.....	5
STARFSEMI	5
Heimasíða.....	5
Kynningar.....	5
FUGLATILKYNNINGAR 2002	6
VERKEFNI	7
NÁTTÚRUGRIPASAFN.....	8
ÚTGEFIÐ EFNI.....	9
VIÐHENGI 1.	11
VIÐHENGI 2.	13
VIÐHENGI 3.	15

INNGANGUR

Náttúrustofa Vestfjarða hefur nú starfað í sex ár. Á þeim tíma hefur starfsemi stofunnar aukist og verkefnum fjölgað.

Á árinu vann Náttúrustofan að fjölbreyttum verkefnum. Má þar nefna rannsóknir á skólpmengun við þéttbýlisstaði. Rannsóknir á botndýrum í Arnarfirði og umhverfismatsrannsóknir í tengslum við vegagerð og gerð snjóflóðavarna. Einnig gerði stofan fornleifaskráningar og líffræðilegar úttektir á fiskistofnum og búsvæðum í botnsá.

Almennt má segja að fjölbreytni í verkefnavali stofunnar sýni styrk hennar til að stunda allhliða rannsóknir á Vestfjörðum og þar með uppfyllir stofan það hlutverk sem henni er ætlað samkvæmt lögum (sjá lög um náttúrustofu í viðhengi 1, 2 og 3).

Hlutverk

Helstu hlutverk Náttúrustofunnar samkvæmt lögum eru:

- a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúrurannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
- b. að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
- c. að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verk sviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni,
- d. að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verk sviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra.
- e. að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar; Náttúruvernd ríkisins skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.

SKIPULAG

Verkefni Náttúrustofu Vestfjarða eru margvísleg og fjármögnun mjög mismunandi. Stofan sinnir grundvallarþjónustu í ráðgjöf um náttúrufræði og umhverfismál bæði fyrir sveitarfélög og almenning. Stofan vinnur einnig að grunnrannsóknum í

náttúruvísindum. Síðast en ekki síst vinnur stofan að sérstökum verkefnum fyrir stofnanir og fyrirtæki gegn greiðslu.

Stjórn

Umhverfissráðherra skipar stjórn samkvæmt tilnefningum og formann og varaformann án tilnefningar. Eftirtaldir aðilar skipa stjórn Náttúrustofu Vestfjarða.

Formaður:

Sveinn Bernóðusson, til vara Jón Reynir Sigurvinsson.

Meðstjórnendur:

Smári Haraldsson, til vara Hildur Halldórsdóttir

Ólafur Kristjánsson, til vara: Ágúst Kr. Björnsson

Starfsmenn

Þorleifur Eiríksson

Böðvar Þórisson

Arnín Óladóttir

Guðrún Steingrímsdóttir

Albert Óskarsson

Petrína Sigurðardóttir

Jón Friðrik Jóhannsson

Jón Otto (Gunnarsson?)

Helga Jónsdóttir

Ragnheiður H. Sveinsdóttir

AÐSTADA

Húsnæði

Húsnæði Náttúrustofu Vestfjarða samanstendur af þremur skrifstofum, skjalageymslum, bókasafni og rannsóknarstofu á 2. hæð að Aðalstræti 21 í Bolungarvík, auk starfsstöðvarinnar á Bakka í Bjarnarfirði í Strandasýslu.

Rannsóknarstofa

Rannsóknarstofa Náttúrustofu Vestfjarða er í einu lokuðu rými á Náttúrustofunni. Þar fara fram allar rannsóknir á sýnum úr náttúru Vestfjarða sem aflað er með vettvangsrannsóknum um allt svæðið. Rannsóknarstofan á ýmis rannsóknartæki, s.s smásjár og víðsjár sem nýtast vel við greiningu hinna ýmsu sýnasafna en safnið fer ört stækkandi.

Bókasafn

Áfram var unnið að fjölgun bókakosts Náttúrustofu Vestfjarða og hann skráður í gagnagrunn stofunnar.

Rannsóknarbátur

Vorið 2001 tók Náttúrustofa Vestfjarða í notkun rannsóknabát. Verkefni bátsins eru að flytja rannsóknarmenn á óaðgengilega staði eins og Hornstrandir og eyjar í Breiðafirði og til sýnatöku og annara mælinga við ströndina. Nafn bátsins er Ormur IS-104-6505 og hann er af gerðinni Mótun 860 með 320 ha. Iveco vél. Skipstjórar á bátnum hafa verið: Jón Friðrik Jóhannsson, Albert Óskarsson og Böðvar Þórisson.

STARFSEMI

Heimasíða

Heimasíða Náttúrustofu Vestfjarða var með svipuðu sniði og verið hefur. Á síðunni eru upplýsingar um stofuna og helstu verkefni. T.d. eru þar hægt að nálgast matskýrslur og sérfræðiskýrslur úr umhverfismatsverkefnum sem stofan hefur unnið að. Þar er reynt að koma framfæri fréttum um náttúru Vestfjarða. Þess má geta að fréttavefurinn BB tekur oft fréttir af Heimasíðu Náttúrustofu Vestfjarða og lesa því mun fleiri þessar fréttir, en heimsækja heimasíðuna.

Kynningar

Náttúrustofan sér stundum um að halda kynningar fyrir hina ýmsu hópa eða fyrirtæki.

Þorleifur Eiríksson hélt fyrirlestur um umhverfisárif þorskeldis á stefnumótunarfundi um þorskeldi í Reykholti í Borgarfirði í október.

Starfsmaður Náttúrustofunnar, Arnlín Óladóttir tók þátt í ráðstefnu í Skotlandi sem haldin var af Scottish Natural Heritage og er opinber dagskrárliður í tilefni af

"Alþjóðlegu ári fjallanna 2002". Hún er haldin í samvinnu við Matvælastofnun Sameinuðu Þjóðanna og ýmsar rannsóknastofnanir í Skotlandi. Erindið var friðlandið á Hornströndum og var það kynn tá veggspjaldi. Þar kom fram einkenni svæðisins, stjórnunarleg staða og þær rannsóknir þar sem Náttúrustofan á hlut að máli. Ráðstefnugestir koma úr hópi vísindamanna, íbúa svæðanna og þeirra sem fara með stefnumótun í málefnum fjallahéraða. Tilgangurinn er að tengja saman vísindalegar rannsóknir, þarfir íbúa og stefnumótun í málefnum fjallahéraða í Norður Evrópu. Hugmyndir og skoðanaskipti þessara hópa geta skipt miklu máli fyrir framtíð og þróun umræddra svæða.

FUGLATILKYNNINGAR 2002



Silkitoppur í Bolungarvík. (Mynd: nave/BP)

Nokkuð var um að sjalgæfir fuglar sæust á norðanverðum Vestfjörðum og fékk Náttúrustofna nokkrar tilkynningar um það, ásamt því að sjá fuglana sjálf. Dæmi um fugla sem sást eru: Æðakóngur í Dýrafirði, tvær vepjur í Syðridal og bréfdúfur í Bolungarvík. Sást einnig til þriggja silkitoppa, gráhegra og fálka sem var að eltast við fyrrgreindar bréfdúfur. Fálkinn var ljós og því hugsanlega um grænlandsfálka að ræða.

VERKEFNI

Snjóflóðavarnir í Bolungarvík

Umsjón var haft með mati á umhverfisáhrifum snjóflóðavarna í hlíðum Traðarhyrnu í Bolungarvík og var það unnið fyrir Bolungarvíkurkaupstað sem er framkvæmdaraðili verksins. Umsjónaraðili framkvæmdarinnar er Framkvæmdasýsla ríkisins, hönnun verksins var unnin af verkfræðistofunum Forverk og Línuhönnun og umsjón með mati á umhverfisáhrifum sjá Náttúrustofa Vestfjarða um.

Snjóflóðavarnir í Bolungarvík – kynningarbæklingur

Fyrir kynningarfund þar sem Bolungarvíkurkaupstaður kynnti mat á umhverfisáhrifum snjóflóðavarna í Bolungarvík útbjó Náttúrustofa Vestfjarða kynningarbækling um efnið. Bæklingnum var dreift til bæjarbúa og í honum komu fram helstu atriði er vörðuðu vinnu við gerð snjóflóðavarnanna og þeirra rannsókna sem átt höfðu sér stað á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Djúpvegur

Unnið var tillaga að matsáætlun fyrir Vegagerðina fyrir Djúpveg (61) Eyri- Hörtná í Súðavíkurhreppi.

Mengun við þéttbýlisstaði.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra og Náttúrustofa Vestfjarða unnu saman að verkefni þar sem skoðuð var skólpmengun við sjö þéttbýlisstaði á Íslandi. Markmiðið var að kanna ástand á þessum svæðum áður en farið væri í byggingu og hönnun nýrra fráveitumannvirkja. Niðurstaða áfangaskýrslu 1 var sú að skoða þurfi staðhætti á hverjum stað því á mörgum stöðum er verið að losa skólp í mjög góðan viðtakanda eða í mörgum tilvikum því sem næst í úthafið sjálft.

Botndýr í Arnarfirði

Vegna fyrirhugaðrar kalkþörungavinnslu í Arnarfirði leitaði Íslenska kalkþörungafélagið ehf. til Náttúrustofu Vestfjarða og óskaði eftir því að kannað yrði botndýralíf á og við fyrirhugaða námustaði félagsins í Arnarfirði. Niðurstöður voru þær helstar að ekki væru langtímaáhrif á námustaði í Arnarfirði, þó áhrifa gætti meðan á námuvinnslu stæði.

Botnsá í Súgandafirði

Verkefnið fólst í gerð líffræðilegrar úttektar fiskistofnum og búsvæðum í Botnsá í Súgandafirði. Ástæða úttektarinnar var fyrirhuguð virkjun árinna og voru það eigendur hennar ásamt Veiðimálastofnun ríkisins sem óskuðu eftir slíkri úttekt. Niðurstaða úttektarinnar var sú að virkjunarframkvæmdir hefðu ekki áhrif á búsvæði bleikju sem er eina fisktegundin sem finnst í ánni.

Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ

Náttúrustofa Vestfjarða í samvinnu við Fornleifastofnun Íslands unnu fornleifaskráningu fyrir Ísafjarðarbæ. Um var að ræða skráningu jarðanna í Eyrarhreppi hinum forna, þ.e. jarðirnar Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Engidalur, Fossar og Kirkjuból.

NÁTTÚRUGRIPASAFN

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur er sjálfstæð stofnun, sem er rekin af Náttúrustofu Vestfjarða samkvæmt samningi við Bolungarvíkurkaupstað og er forstöðumaður Náttúrustofunnar jafnframt forstöðumaður Náttúrugripasafnsins. Náttúrustofu er heimilt er að gerast aðili að sýningarsafni, en fjárhagur slíks safns og stofunnar skal vera aðskilinn.

Veit ekki hvort þetta passi hérna!

ÚTGEFIÐ EFNI

Anton Helgason, Sigurjón Þórðarson og Þorleifur Eiríksson. 2002. Athugun á skólpmengun við sjö þéttbýlisstaði. Áfangaskýrsla 1. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 3-02. 41 bls.

Arlín Óladóttir. 2002. Hornstrandir Nature Reserve. Poster and abstract at the conference "People and Nature" in Scotland, 7 - 8th. Nov. 2002. Westfjords Natural History Institute.

Hafsteinn H. Gunnarsson. 2002. Botnsá í Súgandafirði. Úttekt á fiskistofnum og búsvæðum. Skýrsla unnin fyrir virkjunaraðila. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 2-02. 12 bls.

Hafsteinn H. Gunnarsson. 2002. Snjóflóðavarnir í Bolungarvík. Traðarhyrna. Kynningarfundur í Víkurbæ 8. Apríl 2002. Bæklingur. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 5-02.

Ragnar Edvardsson og Ruth A, Maher. 2002. Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ. I. hluti Eyrarhreppur hinn forni. Svæðisskráning og aðalskráning. Jarðir: Eyri, Seljaland, Tunga; Hafrafell, Engidalur, Fossar og Kirkjuból. Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands. NV nr. 6-02. 93 bls.

Vegagerðin og Náttúrustofa Vestfjarða. 2002. Framkvæmdin: Djúpvegur (61) Eyri - Hörtná í Súðavíkurreppi. Tillaga að matsáætlun Vegagerðin. Ísafirði mars 2002.

Þorleifur Eiríksson. 2002. Umhverfismál þorskeldis. Fyrirlestur. Stefnumótunarfundur um þorskeldi 17-18 okt. í Reykholti í Borgarfirði. Þorskeldi á Íslandi - stefnumörkun og upplýsingabanki. ([glærur](#))

Þorleifur Eiríksson og Hafsteinn H. Gunnarsson. 2002. Botndýr í Arnarfirði. Unnið fyrir Íslenska kalkþörungafélagið ehf. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 4-02. 23 bls.

Þorleifur Eiríksson, Hafsteinn H. Gunnarsson, Arnlín Óladóttir, Jón Reynir Sigurvinsson, Ragnar Edvardsson og Margret Valdimarsdóttir. 2002. Snjóflóðavarnir í Bolungarvík - Traðarhyrna. Mat á Umhverfisáhrifum. Skýrsla unnin fyrir Bolungarvíkukaupstað. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 1-02

**VIÐHENGI 1. REGLUGERÐ UM SKIPULAG OG STARFEMI
NÁTTÚRUSTOFU VESTFJARÐA (NR. 459/1996).**

1. gr.

Starfrækt skal Náttúrustofa Vestfjarða í Bolungarvík. Bolungarvíkurkaupstaður og önnur sveitarfélög í Vestfjarðakjördæmi sem gerast kunna aðailar að stofunni eiga og reka hana með stuðningi ríkissjóðs.

Ríkissjóður greiðir laun forstöðumanns í fullu starfi. framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar vegna húsnæðis eða leigukostnaðar eigi það við, innréttinga og bóka- og tækjakaupa getur numið allt að helmingi kostnaðar og fer eftir því sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Ríkissjóður er eigandi þess framlags sem hann leggur til stofnkostnaðar.

2. gr.

Auk framlags skv. 1. gr hefur stofan tekjur af útseldri vinnu og annari gjaldhæfri þjónustu. Renna þær óskiptar til stofunnar og hafa ekki áhrif á framlög ríkissjóðs og heimaaðila skv. 1. gr.

3. gr.

Þær eignir sem til stofnkostnaðar teljast skulu aðeins nýttar í þágu stofunnar nema fyrir liggi samþykki ráðuneytisins um annað

4. gr.

Hlutverk Náttúrustofu Vestfjarða er:

- a) Að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru vestfjarða.
- b) Að safna gögnum og varðveita og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum og skal einkum lögð áhersla á Vestfirði og sérstöðu náttúrufars á þeim slóðum.
- c) Að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál bæði fyrir almenning og í skólum á Vestfjörðum.
- d) Að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga á Vestfjörðum.

e) Að veita sveitarfélögum á Vestfjörðum umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofunnar m.a. vegna nýtingar auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda, enda komi greiðsla fyrir.

5. gr.

Heimilt er Náttúrustofu Vestfjarða með sérstökum samningi að gerast aðili að sýningarsafni en fjárhagur hennar og safnsins skal vera aðskilinn.

6. gr.

Yfir Náttúrustofu Vestfjarða skal starfa sérstök stjórn, skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Eigendur í héraði tilnefna tvo en ráðherra einn og skal hann vera formaður. Sömu reglur gilda um varamenn. Skipunartími stjórna er milli reglulegra sveitarstjórnarkosninga. hlutverk stjórnar er að annast rekstur stofunnar, gera fjárhagsáætlanir og fylgjast með fjárhag hennar of starfsemi.

7. gr.

Launa og ferðakostnaður stjórnarmann greiðist af tilnefningaraðilum. Annar kostnaður vegna starfa stjórnarinnar greiðist af stofunni.

8. gr.

Til að sinn ahlutverki stofunnar skal sérfræðingum og aðstoðarmönnum þeirra á stofunni sem stunda almennar náttúruvísni eða söfnun náttúrugripa og annara heimilda um náttúruna frjáls för um lönd manna en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er að greiða fullar bætur fyrir tjón sem þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er í þessu skyni heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða náttúrugripi sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra rétthafa lands.

Komi í ljós við rannsókn verðmæti sem áður voru ókunn ber rannsakanda að tilkynna rétthafa þess lands þar sem verðmæti eru.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 12 og 16. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur og öðlast þegar gildi.

VIÐHENGI 2. LÖG FRÁ 1992

II. kafli.

Náttúrustofur.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa starfrækslu einnar náttúrustofu með ríkisaðild í hverju kjördæmi. Slíkar náttúrustofur starfa í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, sbr. 3. gr. Starfsemi náttúrustofu getur verið á fleiri en einum stað í kjördæmi eftir skipulagi sem rekstraraðilar koma sér saman um. Heimilt er kjördæmum að sameinast um eina náttúrustofu.

10. gr.

Héraðsnefndir, sveitarfélög og aðrir heimaaðilar geta átt og rekið náttúrustofu með stuðningi ríkisins. Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu takmarkast við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga og bóka- og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Nú starfar náttúrustofa í leiguhúsnæði og fer þá með sama hætti um greiðslu kostnaðar. Framlag ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar er bundið því skilyrði að þær eignir, er til stofnkostnaðar teljast, séu einvörðungu nýttar í þágu náttúrustofu nema fyrir liggi samþykki ráðuneytisins um annað.

11. gr.

Helstu hlutverk náttúrustofu eru:

- a. að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum, einkum í viðkomandi landshluta,
- b. að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál,
- c. að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.

Heimilt er náttúrustofu að gerast aðili að sýningarsafni, en fjárhagur slíks safns og stofunnar skal vera aðskilinn.

12. gr.

Stjórn náttúrustofu með ríkisaðild skipa þrjú menn. Eigendur í héraði tilnefna tvo stjórnarmenn en ráðherra einn og er hann formaður. Varastjórn skal skipuð á sama hátt. Starfstími stjórnar er milli almennra sveitarstjórnarkosninga.

Standi fleiri en eitt kjördæmi að náttúrustofu tilnefnir hvert kjördæmi tvo menn í stjórn og ráðherra formann stjórnar. Um skiptingu kostnaðar vegna starfa stjórnar skal kveðið á í reglugerð.

13. gr.

Stjórn náttúrustofu ræður forstöðumann, fjallar um árlega fjárhagsáætlun fyrir stofuna og fylgist með fjárhag hennar og starfsemi.

14. gr.

Forstöðumaður náttúrustofu skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða þekkingu sem meta má til jafns við það. Hann er í fyrirsvari fyrir stofuna í heild, stjórnar daglegum rekstri hennar og ræður að henni annað starfslið með samþykki stjórnar, eftir því sem fé er veitt til hverju sinni.

VIÐHENGI 3. NÝ LÖG ÁRIÐ 2002.

II. kafli. Náttúrustofur.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa starfrækslu allt að átta náttúrustofa er starfa á vegum sveitarfélaga óháð kjördæmaskipan og skal um hverja stofu gera samning milli ráðherra og þeirra sveitarfélaga sem standa að náttúrustofu. Náttúrustofur og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu hafa með sér samvinnu samkvæmt nánari ákvörðun þeirra hverju sinni.

10. gr.

Eitt eða fleiri sveitarfélög geta átt og rekið náttúrustofu með stuðningi ríkisins. Ábyrgð á rekstri og starfsemi náttúrustofu er hjá þeim sveitarfélögum sem gert hafa samning um rekstur hennar. Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu er ákveðið í fjárlögum hverju sinni og miðast við fjárhæð sem nemur launum forstöðumanns í fullu starfi að viðbættri fjárhæð sem er allt að jafnhá þeirri fjárhæð og rennur hún til reksturs náttúrustofu. Framlag ríkissjóðs er háð því að fyrir liggi samningur um rekstur náttúrustofu, sbr. 9. gr. Í samningi skal meðal annars kveðið á um aðsetur og starfssvæði náttúrustofu, framlag ríkissjóðs og fjárskuldbindingar sveitarfélaga vegna reksturs hennar sem skulu miðast við 30% af framlagi ríkisins.

¹⁾[L. 92/2002, 4. gr.](#)

11. gr.

[Helstu hlutverk náttúrustofu eru:

- a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufer og stunda vísindalegar náttúruannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
- b. að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
- c. að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni,
- d. að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila,
- e. að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. [7. gr. náttúruverndarlaga, nr.](#)

[44/1999](#), einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar; Náttúruvernd ríkisins skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.]¹⁾
[Náttúrustofur skulu fyrir lok apríl ár hvert skila skýrslu til ráðherra um starfsemi sína næstliðið ár ásamt ársreikningi.]¹⁾
Heimilt er náttúrustofu að gerast aðili að sýningarsafni, en fjárhagur slíks safns og stofunnar skal vera aðskilinn.

¹⁾[L. 92/2002, 5. gr.](#)

12. gr.

[Stjórn náttúrustofu skal skipuð að af loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Sveitarfélag eða sveitarfélög sem starfrækja náttúrustofu skipa þrjá menn í stjórn og skal einn þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.]¹⁾

¹⁾[L. 92/2002, 6. gr.](#)

13. gr.

Stjórn náttúrustofu ræður forstöðumann, fjallar um árlega fjárhagsáætlun fyrir stofuna og fylgist með fjárhag hennar og starfsemi.
[Stjórn náttúrustofu getur sett gjaldskrá fyrir rannsóknir, vöktun og ráðgjöf á verksviði stofunnar, sbr. d-lið 1. mgr. 11. gr.]¹⁾

¹⁾[L. 92/2002, 7. gr.](#)

14. gr.

Forstöðumaður náttúrustofu skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða þekkingu sem meta má til jafns við það. Hann er í fyrirsvari fyrir stofuna í heild, stjórnar daglegum rekstri hennar og ræður að henni annað starfslið með samþykki stjórnar, eftir því sem fé er veitt til hverju sinni.